



Skipulagsstofnun

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 21.5.2025

Málsnúmer: 202504-0047

IAS

Efni: Vegabætur á Landvegi. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, frá 23. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um vegabætur á Landvegi frá vegamótum að Áfangagili að Þjórsárdalsvegi (Tilkynning til ákvörðunar á matskyldu).

„Landsvirkjun, í samstarfi við Vegagerðina, áformar að gera endurbætur á um 13 km kafla á Landvegi (26) í Rangárþingi Ytra. Núverandi vegur er malarvegur, ástand hans er almennt slæmt og talin er brýn þörf á að byggja hann upp og leggja á hann bundið slitlag. Nýttar verða námur í nágrenni framkvæmdasvæðisins og uppgröftur úr Sultartangaskurði. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta vegasamgöngur á svæðinu og auka umferðaröryggi íbúa og annara vegfarenda á Landvegi (26). Markmiðið er einnig að stuðla að greiðari samgöngum inn til hálendisins þar sem Landsvirkjun er með fjölmargar aflsstöðvar og vinnur að byggingu Vaðölduvers. Markmiðið er auk þess að lágmarka umhverfisáhrif sem kunna að verða af vegagerðinni. Framkvæmdin fylgir núverandi vegstæði og á því svæði eru enginn verndarsvæði.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina en framkvæmdasvæðið er utan verndarsvæða en í nágrenni við Landslagsverndarsvæði í Þjórsárdal. Sunnan við framkvæmdasvæðið eru tvö svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár: Svæði við Ytri-Rangá sem er tilnefnt t vegna ferskvatnsgerða og Fossabrekkur sem eru tilnefndar vegna jarðminja. Þá er Hekla og nánasta umhverfi hennar á C-hluta náttúruminjaskrár, svæði 730.

Framkvæmdasvæðið er á nútímahrauni, Búrfellshrauni, sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) en ekki er fyrirhugað að raska hrauninu utan vegstæðisins og skeringa. Auk þess er hraunið hulið jarðvegi og verndargildi þess því metið lágt og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru eyðihraunavist og sanda- og vikravist með lágt verndargildi ríkjandi á svæðinu. Fyrirhuguð er efnistaka er úr námum sem skilgreindar eru í aðalskipulagi, mest úr Merkurnámu sem er í nútímahrauni. Þar hefur hrauninu þegar verið raskað að einhverju leiti en æskilegt er að flatarmál námunnar verði ekki aukið mikið umfram það sem nú er þar sem jarðvegshula á hrauninu er lítil og má sjá í formgerðir hraunsins utan námunnar.

Ljóst er að ásýndaráhrif framkvæmdanna verða mest á framkvæmdatíma, truflun verður á fuglalífi og rask á gróðri og hraunum við vegstæðið og við efnistökusvæði. Gæta þarf að því að rask verði sem minnst utan vegstæðisins og námanna og nota aðeins staðargróður við frágang og tryggja að framandi, mögulega ágengar tegundir berist ekki inn á svæðið.



Náttúrufræðistofnun telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisaðgerðum og ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur